

Skjal nr. H 5, 2000 5/1 158
Móttaki til þinglýsingar
Innfært í þinglýsingabók
Þinglýsingargjald kt. 1.200,-
Gjaldgjafi
Gjald 1.200

Samningur

Landgræðsla ríkisins, kt. 710169-3659, Gunnarsholti, Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu annars vegar og Gnúpverjahreppur, kt. 580169-6949, Árnessýslu hins vegar, gera með sér svofelldan samning um land til uppgræðslu á Hafi á Gnúpverjaafretti skv. 7. gr. laga um landgræðslu, nr. 17, 24. apríl 1965.

1. grein.

Land þetta hefur verið girt fjárheldri rafgirðingu og er landið lauslega teiknað inn á meðfylgjandi loftmynd, sem skoðast hluti af samningi þessum.

2. grein.

Landgræðslan og Gnúpverjahreppur annast uppgræðslu umrædds lands eftir því sem fjárveitingar leyfa. Gert er ráð fyrir að sveitarstjórn annist framkvæmdir, þ.e. viðhald girðinga, sáningar og enduráburðargjöf. Gnúpverjahreppur annast og kostar lögboðnar smalanir á landgræðslusvæðinu.

3. grein.

Þegar landið er svo vel gróið að mati landgræðslustjóra, að eigi er nauðsyn á frekari aðgerðum af hendi Landgræðslunnar verður það afhent eigendum, enda hafi landgræðslustjóri þá sett reglur um meðferð landsins. Lög um landgræðslu, nr. 17, 24. apríl 1965, gilda um land þetta frá undirskriftardegi.


4. grein


Af samningi þessum eru gerð fjögur samhljóða eintök og heldur hvor aðili sínu eintaki. Landbúnaðarráðuneytið sem staðfestir samninginn heldur einu eintaki. Eitt eintak skal ritað á löggiltan skjalapappír til þinglýsingar, sem Landgræðsla ríkisins annast og greiðir kostnað af sem af því leiðir.

Gunnarsholti 14. des. 1999


F.h. Landgræðslu ríkisins


F.h. Gnúpverjahrepps


Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri


Bjarni Einarsson, oddviti
ODDVITI
GNÚPVERJAHREPPS

Vitundarvottar:



 kt. 170562-5859

 kt. 030645-3249

Samþykkt

f.h. Landbúnaðarráðuneytisins 30. 12. 99

Fhv d

Hafið

Grúpvjarhreppi

Hólaskógur

Sandafell

Hjálmsvegur

Leitur (Leiturvegur)

Hjörsta

girðing

uppgræðslusvæði

JTÞ: Aælfarsavíð Landgræðslu ríkisins október 1999
/Grunnmýnd N4660, N4692 7 LMI



